

# VÖKVA DÆLUR


HAMWORTHY  
SUNDSTRAND TUROLLA  
SAUER  
SUNFAB  
Handstýrð og rafstýrð  
tengsli fyrir vökvadælur.  
T.R.W. og SAUER vökvamótorar.

Viðgerðar- og  
varahlutabjónusta.  
**LÁNDVÉLAR HF**  
SMÍÐJULVEGI 66. KÓPAVOGI, S. 91-76600



# LÉTTU ÞÉR LEIÐINA

upp og niður stigana



Margt eldra fólk á í erfiðleikum með að ganga upp og niður stigana á heimilum sínum. Stigalyftur eru svarið við þessu vandamáli.

Einfaldar og öruggar í notkun, auðveldar í uppsetningu og mjög fyrirferðarlitlar milli notkunar.

Þjórið svo vel að hringja í okkur eða fyllið út sèðillinn hér að neðan og sendið. Við veitum fúslega allar nánari upplýsingar.

Vinsamlegast sendið mér án allra skuldbindinga upplýsingar um stigalyftur frá lyftudeild Hédlns.

Nafn:

Heimilisfang:

Staður:

Sími:

**HÉÐINN**  
lyftudeild

Seljavegi 2 121 Reykjavík  
Box 512 Sími 24260

# Ágúst Petersen

## Myndlist


Valtýr Pétursson

Ágúst Petersen heldur nú sem stendur sýningu á verkum sínum í Listasafni ASÍ við Grensásveg. Ágúst er löngu landsþekktur listmálari og hefur verið afar iðinn við starfið, allt síðan hann tók þátt í samsýningu í fyrsta sinn 1951, en einkasýningar hans eru orðnar nokkuð margar á seinustu árum. Hann var húsamálari fyrir þann tíma, en seinustu 25 árin hefur hann eingöngu snúð sér að myndlistinni. Ágúst er einkum og sér í lagi þekktur fyrir portrettmyndir sínar, sem eru algerlega í sérflokki hérlandis. Af þeim myndum er gott sýnishorn á þessari sýningu Ágústs.

Það eru 64 verk á sýningunni í Listasafni ASÍ, þar kennir margra grasa, og viðfangsefnið eru margvísleg. Landslag, portrett og ýmislegt annað verður listamanninum að yrkisefni, og að vanda er það endurminningin, sem verður að kjarna listaverksins í höndum þessa sérstæða málara. Hann lætur fyrirmyndir að portrettum sínum ekki sitja fyrir, eins og sagt er, heldur malar fólkið eftir minni og lætur öll smáatriði lönd og leið. Það mætti segja mér, að hann notaði sömu aðferð

við landslag og yfirleitt allt, er hann leggur undir pensil sinn. Það var haft eftir frægum málara upp úr aldamótum, að hann hefði ekki hugrekki til að standa við mótfíð, hann yrði að mála það úr fjarlægð. Það er engu líkara en að Ágúst Petersen hafi lifað eftir þessari kenningu, en það er alveg eins víst, að hann hafi aldrei heyrt um þetta getið. Svo líkt slá hjórtu málara í Vestmannaeyjum og Suður-Frakklandi. En hvað um það — árangur Ágústs Petersen sem málara blasir við okkur á þessari sýningu, og hann er einstæður í íslenskri myndlist. Litameðferð Ágústs er mjúk og blæbrigðarík og hefur mjög persónulegan tón, sem hann beitir af nákvæmni og tilfinningasemi. Veðurfarið við ströndina er honum mikið yrkisefni, að ég ekki tali um fólkið, sem hann sér í amstri dagsins, og hina fjölbættu persónuleika þess. Allt þetta skynjar Ágúst á myndrænan hátt og skilar því með ágætum á myndflötinn.

Það er alltaf dálítill veizla, þegar Ágúst Petersen sýnir. Hann er einn okkar ágætustu málara, og íslensk myndlist væri fátækari, ef hans nyti ekki við. Til hamingju með fyrsta flokks sýningu.




# Sýning Sjafnar Hafliðadóttur

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Á austurganginum á Kjarvalsstöðum er fyrsta sýning Sjafnar Hafliðadóttur hér á landi. Hún er Reykvikvingur, sem dvaldið hefur erlendis síðustu 37 árin. Sjöfn er gift myndlistarmanni, og eru þau búsett í Flórída. Sjöfn mun hafa hafið myndlistarnám sitt hér heima áður en hún lagði land undir fót, og hún mun hafa ferðast mikið og haldið margar sýningar á verkum sínum, aðallega í Kanada og Bandaríkjunum.

Þetta er ekki mikil sýning að vöxtum, aðeins 16 olíumálverk, sem eru öll gerð í afar líkum stíl. Því er óhætt að fullyrða, að sú myndgerð, er hún sýnir að sinni, sé henni mjög hugfelld, og jafnvel álykta, að Sjöfn sé fullmótað í myndgerð sinni innan þess



Spiladósinn

ramma, sem þarna getur að líta. Myndefnið er nokkuð dregið úr ballettinum, og dansandi meyjur í mjúkum og léttum litatönnum einkenna þessi verk. Hvergi er liturinn þvingaður til mikilla átaka, og manni detta jafnvel í hug pastelittir í mörgum af þessum olíumyndum Sjafnar. Það væri ef til vill réttast að kalla þessi verk femínín (kvenleg), svo mild eru þau í lit. Teikningin er lipur og finleg. Það er ekkert stórbrotið við þessi málverk, en þau eru þægileg og meinlaus. Um þessi verk er ekki mikið að segja, en þau eru nokkuð ólík því, sem við eigum að venjast hér á sýningum.

Það má með sanni segja, að Kjarvalsstaðir séu þétt setnir eins og stendur. Sýningar í báðum söllum og á báðum göngum. Segi svo hver sem vill, að ekki hafi verið þörf fyrir þetta hús, sem allt frá upphafi hefur verið miðdepill sýninga í borginni.

# Tryggvi Ólafsson

## Myndlist

Valtýr Pétursson

Enn einu sinni er Tryggvi Ólafsson á ferðinni í heimalandi sínu með sýningu í farteskinu. Hann hefur verið búsettur í kóngsins Kaupmannahöfn síðastliðinn aldarfjórðung, en ætíð komið við og við hingað til lands til að sýna nýjustu verk sín, og munu einkasýningar hans hér í borg vera að minnsta kosti átta talsins, og þátt hefur hann tekið í fjölda samsýninga. Hann er gamall Súmmari og var mjög virkur þar á þeim slóðum sællar minningar. Af þessu má glögg sjá, að Tryggvi Ólafsson er enginn nýgræðingur í listinni, enda sést það fljótt á verkum hans, að þar er fullmótaður listamaður á ferð.

Tryggi Ólafsson hefur nokkra sérstöðu innan íslenskrar nútímalistar. Hann hefur stundað nám í Kaupmannahöfn og verið þar búsettur og unnið að list sinni um langan tíma. Okkur hér heima finnst hann svoltið danskur í litameðferð, en þeim í Danmörku þykir hann rammíslenskur í myndlistinni. Myndlist er vissulega alheimsmál, en samt verður því ekki neitað, að umhverfi allt og aðstæður hafa sitt að segja

fyrir alla listamenn, hvað sem hver segir. Tryggvi hefur þróað með sér vissan stíl, bæði í teikningu og málverki, sem væri óhugsandi hefði hann unnið hérlandis. Einkum og sér í lagi er þetta greinilegt í litameðferð Tryggva, sem er hrein og hvell og lógísk, eins og Frakkar mundu segja, en afar norræn í eðli sínu. Engan íslenskan listamann þekki ég, sem vinnur á sömu nótum og Tryggvi, og því víkkar hann breidd íslenskrar myndlistar að mun, og er það sannarlega vel. Það hefur orðið nokkur breyting í myndbyggingu Tryggva síðan hann var hér síðast á ferð. Hlutirnir hafa einfaldast og myndbyggingin hefur styrkt að mun við þróttmeira samspil forms og flatar. Þetta gerir þessi nýju verk frumlegri og fjarlægir smámuni, sem ef til vill skiptu litlu sem engu máli. Það má með sanni segja, að lífflegt sé á sýningu Tryggva í Gallerí Borg, en þar stendur sýning Tryggva Ólafssonar.

Já, þetta er lífflegt og skemmtileg sýning. Að vísu eru sum verkanna nokkuð hástemmd í lit og heldur hrá. En hvað um það — hressileg sýning, sem skemmtilegt var að sjá.

